

REGLUR fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Dalabyggðar og Reykhólahrepps er skipuð tveimur fulltrúum Dalabyggðar, tveimur fulltrúum Reykhólahrepps og einum fulltrúa Skipulagsstofnunar með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012 og leggja fram tillögu þar um, sbr. 12., 13. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

3. gr.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddir. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal til-lagan auglýst utan sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnunefnd fyrir aug-lýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athuga-semdafresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna innan sex vikna til sveitarstjórna. Að loknum sex vikna umþóttunartíma sveitarstjórna skal samvinnunefnd afgreiða samþykkta tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við breytingu á svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012 skal skiptast þannig: 50% Skipulagsstofnun, 30% Dalabyggð og 20% Reykhólahreppur.

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. september 2008. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar.

Nr. 318

26. mars 2007

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. mars 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2007